

Æskulýðstarf hestamannafélagsins Hornfirðings hefur ekki verið mjög öflugt en hefur verið í föstum skorðum síðustu ár.

Vetrarstarfið einkennist af vetrarleikum sem haldnir voru þrisvar sinnum þetta árið og eru krakkarnir mjög duglegir að vera með og keppa.

Marjolin Tiepen var fengin hingað fyrir síðustu vetrarleikana til að segja til og gefa umsagnir og gafst það vel.

Í júní var félagsmótið haldið ásamt því að vera úrtaka fyrir fjórðungsmót á austurlandi.

Skúli Steinsson reiðkennari og dómari var fengin til að segja krökkum, sem stefndu á fjórðungsmót til og var þátttaka góð.

Í tengslum við Landsbankahlaupið var farið og þátttakendum og öðrum boðið á hestbak og stóðu krakkarnir okkar sig vel við að teyma undir óvönum vinum sínum.

Einnig fóru nokkrir krakkar ásamt foreldrum að teyma undir börnum í tengslum við 17. júní hátíðina sem haldin er á Hótel túninu.

Fyrir fjórðungsmót var allt sett á fullt við að útvega peysur á félagsmenn og gekk Pálmi Guðmundsson í það af krafti. Fengum við peysur frá Líflandi rauðar og svartar sem merktar voru nafni félagsins og einnig var humarskeifan saumuð í, fallegar peysur og var gaman að sjá keppendur á fjórðungsmóti í þessum fíkum.

Reiðnámskeið fyrir lítið vana og óvana krakka var haldið um miðjan júlí. Kennarar voru Lena Hrönn Marteinsdóttir og Torfi Sigurðson mjög duglegt ungt fólk sem hefur stundað hestamennsku frá unga aldri.



Þátttaka var góð og var gaman að sjá hvað þau minnstu voru dugleg, Félagsmenn lánuðu hesta og ber að þakka það kærlega því að annars væri þetta ekki hægt.



Í lok námskeiðsins var farið í gönguferð (flestir þátttakendur voru svo ungir að ekki þótti ráðlegt að fara í reiðtúr) og gengið á bak við Mígandafoss grillað og allir fengu svo viðurkenningarskjal með mynd af sér og hestinum.

Um verlsunarmennahelgina var Unglingalandsmót haldið á Hornafirði og auðvitað áttum við keppendur í hestaíþróttakeppnini. Skúli Steinson var fengin fyrir mótið til að kenna krökkunum ýmis atriði íþróttakeppni.

Eins og sjá má snýst æskulýðsstarf okkar mikið um keppni og þessháttar. Við þurfum að gera svo mikið betur í öðru starfi, líkt og önnur félög gera með miklum sóma, keppni ein og sér, er ágæt en getur skapað mikla sundrung meðal barna.

Nú er hafin bygging reiðskemmu, er það von manna að hún muni breyta miklu í sambandi við æskulýðsstarf félagsins. Öll aðstaða breytist og ber okkur að nýta hana vel.

Með kveðju

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Hornfirðings
Bryndís Hólmarsdóttir.